

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

14. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga fimmtudaginn 29. maí árið 2008. Fundurinn var haldinn á hreppsskrifstofu Aðaldælahrepps að Iðjugerði og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Jóhannes Steingrímsson, Kristján Snæbjörnsson, Helgi Hallsson, Kolbeinn Kjartansson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **200805063 – Sigurður Haraldsson óskar eftir leyfi til að flytja hús frá Fljótsbakka inn í Eyjafjörð**
Húsið er frístundahús sem stendur á lóð úr landi Fljótsbakka en nýr eigandi hyggst flytja það í Eyjafjörð.
2. **200805060 – Elínóra og Björg Rafnsdætur sækja um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu að Skógum lóð 14 í Fnjóskadal**
Óskað er eftir leyfi fyrir stækkun semn er 13,5 m² að stærð. Teikningar eru unnar af Presti Sigurðssyni á Opus ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
3. **200805030 – Lögmannsstofa Hreins Pálssonar sækir um leyfi til að skipta út lóð úr landi Végeirsstaða í Fnjóskadal**
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að útskipti landsins verði samþykkt og að það verði tekið úr landbúnaðarnotum.
4. **200805009 – Karl Björnsson óskar eftir leyfi til að klæða utan íbúðarhúsið að Veisu í Fnjóskadal**
Klæðning veggja er trapisustál. Þakvirki verður endurnýjað og þak klætt bærustáli. Jafnframt verði húsið einangrað.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
5. **200804105 – Sýslumaðurinn á Húsavík, ósk um umsögn vegna leyfisveitingar til handa Gísla Sverrissyni**
Óskað er eftir umsögn um rekstrarleyfi til sölu gistingar Hlíðar ferðaþjónustu ehf. á tjaldstæðunum í Reykjahlíð.
Byggingarnefnd felur byggingarfulltrúa að yfirfara gildi byggingarleyfa fyrir húsunum og gefa umsögn í því ljósi.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. **200804083 – Ásgerður I. Jónsdóttir, umsókn um byggingarleyfi fyrir frístundahús og gestahús í landi Jódísarstaða, Aðaldælahreppi**
Húsin eru á lóð nr. 6 og eru samtals 66,9 m². Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
7. **200805080 – Erindi frá Lífsvali ehf.**
Óskað er eftir leyfi til að rífa fasteignina 216-2467 að Hlíðskógum í Bárðardal.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
8. **200805081 – Landgræðslan sækir um stöðuleyfi fyrir 40 feta gám á athafnasvæði Skútustaðahrepps við Múlaveg**
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að Landgræðslunni verði veitt stöðuleyfi fyrir gámmum til tveggja ára.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 14¹⁰.

Jóhannes Steingrímsson
Kristján Snæbjörnsson
Kolbeinn Kjartansson
Helgi Hallsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi